

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar og verndaráætlunar fyrir Tungufoss.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Tungufoss voru lögð fram til kynningar þann 26. júní 2020 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og heimasíðu Mosfellsbæjar sem og Facebook síðu Mosfellsbæjar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 12. ágúst 2020. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust erindi frá 5 aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á drögum að stjórnunar- og verndaráætlunar í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.

Landgræðslan gerði eftirfarandi athugasemdir:

Landgræðslan leggur áherslu á mikilvægi verndunar náttúrulegs gróðurs á svæðinu, líkt og fram kemur í markmiðum og aðgerðaáætlum áætlunarinnar, og að brugðist verði við frekari dreifingu framandi tegunda á svæðinu. Einnig að brugðist verði við jarðvegsrofi vegna ágangs og villustígamyndun með aðgangsstýringu og uppgræðslu. Jafnframt vill Landgræðslan koma þeirri ábendingu á framfæri að við hönnun innviða verði leitast við að vernda náttúrulegan farveg Köldukvíslar til verndar landslagi og lífríki.

Svör Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun tekur undir að bregðast þurfi við jarðvegsrofi á svæðinu og villustígamyndunar. Einnig mun Umhverfisstofnun gæta þess að hönnun innviða verði með þeim hætti að náttúrulegur farvegur Köldukvíslar haldist.

Aðrar athugasemdir

Tekið var tillit til ábendinga sem vörðuðu orðlag og framsetningu texta í stjórnunar- og verndaráætlun. Einnig bárust góðar ábendingar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem unnið var úr.

Erindi bárust einnig frá Landvernd, Hafransóknarstofnun og Vegagerðinni sem gerðu ekki athugasemdir við áætlunina.